

## 1969 nr. 73 28. maí

### Lög um Stjórnarráð Íslands

Tóku gildi 1. janúar 1970. Breytt með l. 12/1986 (tóku gildi 1. jan. 1987), l. 3/1990 (tóku gildi 23. febr. 1990), l. 14/1991 (tóku gildi 4. apríl 1991), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), l. 109/2007 (tóku gildi 28. júní 2007 nema a–e-liður 1. gr. og 2. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2008), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010).

#### I. kaffi.

- **1. gr.** Forseti lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.
- Ráðherrara fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.
- **2. gr.** Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.
- Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.
- Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.
- **3. gr.** [Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.]<sup>1)</sup>
- Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðherrara hafa staðfest fundargerðina.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 1. gr.

- **4. gr.** Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi: Forsætisráðuneyti, [dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti],<sup>1)</sup> [félags- og tryggingamálaráðuneyti],<sup>2)</sup> fjármálaráðuneyti, . . .<sup>2)</sup> [heilbrigðisráðuneyti],<sup>2)</sup> iðnaðarráðuneyti, . . .<sup>2)</sup> [mennta- og menningarmálaráðuneyti],<sup>1)</sup> [samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneyti],<sup>1)</sup> [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti],<sup>2)</sup> [um-hverfisráðuneyti]<sup>3)</sup> [og utanríksráðuneyti].<sup>1)</sup>
- Ráðuneyti má eigi á stofn setja ne af leggja nema með lög-um. [Þó er heimilt að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/2009, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 109/2007, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 3/1990, 1. gr.

- **5. gr.** Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

#### ■ **6. gr. . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 14/1991, 1. gr.

- **7. gr.** [Ráðherra kveður á<sup>1)</sup> um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starsdeildir eftir verkefnum].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. 181/2007 (um skipulag menntamálaráðuneytisins). Augl. 811/2009 (um skipulag fjármálaráðuneytisins). <sup>2)</sup> L. 83/1997, 2. gr.

- **8. gr.** Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar,<sup>1)</sup> er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum for-sætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti mál-eftni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

□ Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr.

<sup>1)</sup> Rg. A 177/2007, sbr. rg. A 101/2009.

- **9. gr.** Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

□ [Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 121/1999, 1. gr.

#### II. kaffi.

- **10. gr.** Ráðuneytisstjórar . . .<sup>1)</sup> stýra ráðuneytum undir yf-irstjórn ráðherra.
- . . .<sup>2)</sup>

□ Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

□ Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytis-stjóri veitti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnaði.

□ Slíka skipan sem í 5. mgr.<sup>3)</sup> greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

<sup>1)</sup> L. 109/2007, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 14/1991, 2. gr. <sup>3)</sup> Hér er vísað til 3. mgr.

- **11. gr.** [Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.]<sup>1)</sup>

□ . . .<sup>1)</sup>

□ [Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.]<sup>1)</sup> [Sama á við ef starfsmanni, sem ráðinn er ótímacandi, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er boðið annað starf innan Stjórnarráðsins. Í reglum, sem forsætisráðherra setur, skal mæla fyrir um tilhögun aug-lýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>2)</sup>

□ Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erind-isbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 109/2007, 3. gr.

- **12. gr.** Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritar-ar eftir ákvörðun ráðherra. [Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenni í ráðuneyti undir öðrum starfsheimut.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 4. gr.

- **13. gr.** [Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofu-stjóra til fimm ára í senn.

□ Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 5. gr.

- **14. gr.** Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 8. gr., og skal þá bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum að sinna þeim áfram í því ráðuneyti er tekur við málefni. Við flutningin verða ekki breytingar á starfskjörum starfsmanna. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eiga ekki við um ráðstöfun starfa samkvæmt þessari grein.

□ [Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 8. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinnar stjórnsýslumála í því ráðu-neyt sem við málefni tekur.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 92. gr. <sup>2)</sup> L. 109/2007, 4. gr.

- **15. gr.**<sup>1)</sup> Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem [skrifstofustjóri],<sup>2)</sup> enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmáður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

<sup>1)</sup> L. 109/2007, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 83/1997, 6. gr.

- **16. gr.**<sup>1)</sup> Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt til-lögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 109/2007, 4. gr.

- **Ákvæði til bráðabirgða. . .**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 3/1990, brbák.